

1. fundur fræðslunefndar vegna Flúðaskóla árið 2012, haldinn 30. janúar, kl. 14.00, í Flúðaskóla.
14. fundur kjörtímabilsins 2010 – 2014.

Mætt til fundar: Helgi Jóhannesson, formaður, Unnsteinn Logi Eggertsson sem ritaði fundargerð, Bjarney Vignisdóttir, varamaður Gunnars Jóhannessonar, Guðrún Pétursdóttir skólastjóri, Jóhanna Lilja Arnardóttir aðstoðarskólastjóri, Lára Bergljót Jónsdóttir og Ingvar Hjálmarsson, Skeiða- og Gnúpverjahrepp, Eva Marín Hlynsdóttir, fulltrúi úr skólaráði og Anna K. Ásmundsdóttir, fulltrúi kennara.

Dagskrá.

1. Skýrsla skólastjóra
2. Forfallakennsla
3. Sjálfsmat Flúðaskóla
4. Skólanámsskrá 2011-2012
5. Skólaskýrsla Sambands sveitarfélaga 2011
6. Sameiginlegt skólaþing 2012
7. Önnur mál

Formaður setti fundinn og bauð viðstadda velkomna. Gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla skólastjóra.

Föstudaginn 25. nóvember komu fulltrúar frá slökkviliðinu í heimsókn til 3. bekkinga. Nemendurnir fengu m.a. að fara með þeim í kynnisferð í slökkvistöðina. Heimsókn þeirra tengist átaksverkefni eldvarnareftirlitsins sem árlega er staðið að fyrir 3. bekk í grunnskólum landsins. Í lok skóladags var síðan brunaæfing í skólanum fyrir alla nemendur og starfsfólk og fengu 10. bekkingar að æfa sig í að slökkva eld.

Föstudaginn 2. desember komu nemendur og starfsfólk Flúðaskóla saman á sal og sungu saman þrjú íslensk lög sem leikin voru í útvarpinu kl. 11:15. Tilefnið var Dagur íslenskrar tónlistar sem haldinn var hátíðlegur meðal annars með því að allir landsmenn voru hvattir til að taka þátt í þessum „samsöng“.

Mánudaginn 12. desember buðu Foreldrafélög grunnskólans og leikskólans leikskólanemendum og yngsta stigi grunnskólans á leiksýninguna Prumpuhólinn sem sett var upp í Félagsheimilinu. Mikil ánægja var með þessa sýningu enda alltaf gaman þegar krökkunum gefst kostur á að komast á leiksýningu.

Fimmtudaginn 15. desember kom yngri kór Flúðaskóla fram á aðventutónleikum í Skálholtskirkju ásamt börnum í Þjorsárskóla og Grunnskóla Bláskógabyggðar.

Þriðjudaginn 20. desember voru „litlu jólin“ haldin í Félagsheimilinu, þar sem flutt voru atriði á sviði og dansað í kringum jólatréð, síðan voru stofujól og jólamatur í mótuneytinu. Daginn áður var foreldrum og öðrum aðstandendum boðið að koma á lokaæfingu.

Nemendur í eldri kór Flúðaskóla komu fram á jólatónleikum Regínu Óskar sem haldnir voru í Hrunakirkju þriðjudagskvöldið 20. desember.

Föstudaginn 6. janúar stóð til að fara í skóginn klukkan 8:40 með vasaljós og halda ljósahátíð í tilefni af þrettándanum, það hefði verið þriðja árið í röð sem við hefðum gert það. Því miður varð ekkert af því vegna veðurs.

Sú hefð hefur skapast hjá okkur að halda þorrablót á yngsta- og miðstigi. Yngsta stigið var með sitt þorrablót föstudaginn 27. janúar með því að slá upp veislu þar sem borðaður var þorramatur, sungið og fleira skemmtilegt gert. Miðstigið verður með þorrablót föstudaginn 3. febrúar.

Óvenju erfið færð og veðurlag hefur verið núna í janúar og hefur það þrisvar sinnum gerst í þessum mánuði að ekki hefur verið boðið uppá skólaakstur. Þá daga sem svo er háttað, hefur

skólinn samt verið opinn fyrir þá sem mæta og hafa það verið upp undir tuttuðu nemendur sem hafa mætt þrátt fyrir ófærð.

Skipað hefur verið í stýrihóp til að innleiða heilsueflandi stefnu í Flúðaskóla. Hópurinn skipa: Fríður Sæmundsdóttir, Halla Gunnarsdóttir, Ingibjörg Bjarney Baldursdóttir kennarar, Ólöf Guðnadóttir matráður, María Magnúsdóttir fulltrúi foreldra, Anna Dagbjört Styrmsdóttir, Ninna Ýr Sigurðardóttir og Þórdís Kristjánsdóttir fulltrúar nemenda. Ingibjörg Guðmundsdóttir frá Lýðheilsustöð kom til okkar í síðustu viku og var með undirbúningsfund með stýrihópnum og síðan var kynning fyrir starfsfólk skólans. Fyrsta verk stýrihópsins verður að fara yfir gátlista til að kanna stöðuna og forgangsraða þeim verkefnum sem framundan eru í þessu frábæra verkefni. Mjög margt sem við erum að gera hér í skólanum flokkast undir heilsueflingu en alltaf er hægt að bæta sig og er það stefnan að gera gott skólastarf enn betra.

2. Forfallakennsla.

Formaður fór yfir málið, en erindinu var vísað til umfjöllunar í skólaráði á síðasta fundi fræðslunefndar. Samþykkt að stjórnendur leysi forfallamál eftir þörfum, eins og verið hefur.

3. Sjálfsmat Flúðaskóla.

Skólastjóri lagði fram til kynningar skýrslu um sjálfsmat skólans. Skýrslan verður birt á heimasíðu skólans næstu daga.

4. Skólanámsskrá 2011-2012.

Farið var yfir helstu atriði í skólanámsskránni. Fræðslunefnd samþykkir skólanámsskrá Flúðaskóla fyrir skólaárið 2011-2012.

5. Skólaskýrsla Sambands sveitarfélaga 2011.

Formaður fór yfir helstu atriði í skólaskýrslu Sambands sveitarfélaga fyrir árið 2011. Skýrslan er aðgengileg á vef sambandsins, www.samband.is

6. Sameiginlegt skólaþing 2012.

Formaður fór yfir stöðu mála. Þingið er sameiginlegt verkefni Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps fyrir menntastofnanir sveitarfélagana. Næsta skref er að skipa undirbúningshóp fyrir skólaþingið sem er liður í vinnu við gerð skólastefnu. Á þinginu verði tómtunda – og æskulýðsmál einnig til umfjöllunar og nýtist við gerð stefnumótunar fyrir málaflokkinn. Hópurinn verði skipaður fulltrúum frá báðum sveitarfélögum auk skólastjórnenda. Fræðslunefnd leggur til að hópurinn verði skipaður fulltrúum fræðslunefnda, skólastjórum og einum aðila frá skólaráði. Frá Hrunamannahreppi verði Helgi Jóhannesson, formaður fræðslunefndar, Guðrún Pétursdóttir, skólastjóri Flúðaskóla, fulltrúi frá skólaráði og fulltrúi frá leikskólanum Undralandi.

7. Önnur mál.

- a. Úttekt varðandi stjórnun og mönnun skóla Hrunamannahrepps. Formaður upplýsti um stöðu mála. Skýrslan er nánast fullfrágengin og verður lögð fram á næstu dögum.
- b. Námsferð til Skotlands. Skólastjóri fór yfir helstu dagskráatriði ferðarinnar sem farin verður um miðjan febrúar. Meginþemað er „Heilsueflandi skóli“.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 15.00.